

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 55. fundur haldinn 24. september 2007 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður sem ritaði fundargerð, Þórsteinn Ragnarsson, Smári Sigurðsson og Valtýr Valtýsson. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs. Kristín Huld Sigurðardóttir boðaði forföll.

**1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar.**

Fundur settur kl. 13:10 og fundargerði síðasta fundar lögð fram. Frestað var afgreiðslu fundargerðar til næsta fundar.

**2. Lagt fram bréf frá Nökkva Bragasyni í Fjárslunni**

Þórsteinn kynnti fram komna hugmynd að nýju verklagi við útteilingu á kirkjugarðsgjaldinu, en þar er gerð tillaga um að fjárhæð fari óskipt inn til Biskupsstofu frá Fjárslu ríkisins og verði síðan deilt þaðan til garðanna.

Kirkjugarðaráð samþykkti að KGSÍ taki að sér að deila út greiðslum til kirkjugarða landsins fyrir grafartöku og umhirðu, fyrir hönd Kirkjugarðaráðs

**3. Staða mála varðandi lagafrumvarpið um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu**

Þórsteinn gerði grein fyrir málinu og kvað rétt að fella ákvæði um líkhúsgjaldið niður. Frumvarpið hefur ekki verið lagt fram enn. Þórsteinn mun fá fund með biskupi til að ræða málið. Einnig var samþykkt að rétt væri síðan að ræða við forsætisráðherra.

**4. Erindi vegna Hjarðarholtskirkjugarðs í Dölum**

Kirkjugarðaráð samþykkti að bæta kr. 74 þúsundum við áður veittan styrk.

**5. Gjaldalíkanið – úttekt utanaðkomandi aðila**

Rætt um hvort ætti að fá einhvern sérfræðing til að taka út gjaldalíkanið með það fyrir augum að athuga hvort endurskoða þurfi skiptinguna. Málinu vísað til framkvæmdastjóra.

**6. Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn 15. október n.k.

**7. Önnur mál**

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15:05.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður og ritari